

Nd.

57. Frumvarp til laga

um hafnarbótasjóð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum i kaupúnum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða. Skal styrkur úr sjóðnum veittur til viðbótar hinum almennu fjárframlögum til hafnargerða og lendingarbóta samkvæmt sérstökum hafnarlögum eða lögum um lendingarbætur á einstökum stöðum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjuafgangi ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir 1943. Nú nema $\frac{2}{5}$ hlutar tekjuafgangs ársins 1943 ekki

hinni tilteknu upphæð, og skal þá það, sem á vantar, lagt fram úr framkvæmda-
sjóði ríkisins.

Fé til hafnarbótasjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum
sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um
fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fjölmörgum stöðum í landinu, þar sem sjór er sóttur, skortir mjög á sæmi-
leg skilyrði til útgerðar. Víða vantar bryggjur og aðrar nauðsynlegar lendingar-
bætur, sem telja verður frumskilyrði þess, að útgerð geti þrífzt. Margir þessara
staða, smákauptún og sjávarþorp, eru hins vegar þannig settir, að þeir liggja vel
við gjöfulegum fiskimiðum og búa yfir miklum framtíðarmöguleikum. Með því að
skapa útgerðinni á þessum stöðum bættu aðstöðu sköpuðust möguleikar stórau-
innar framleiðslu og útflutnings sjávarafurða og þar með mikil verðmæti, ekki
aðeins fyrir viðkomandi byggðarlög, heldur og þjóðarheildina. Öll rök hniga því
í þá átt, að til þess beri þjóðfélagslega nauðsyn að bæta aðstöðu útgerðarinnar á
slíkum stöðum í þessum efnunum.

Flestar hafnar- eða lendingarbætur, sem nú eru unnar, byggjast á því, að
ríkissjóður greiðir $\frac{2}{5}$ hluta eða helming kostnaðar við þær. En víðast eru þessar
framkvæmdir alldýrar, og eiga því flestar hinna smærri verstöðva, þótt þær liggja
ágætlega við miðum, mjög örðugt um vik með að leggja fram fé til þeirra gegn fram-
lagi ríkisins. Fer því oftlega svo, að slíkir staðir treystast ekki til framkvæmdanna
og búa síðan áfram við hinar örðugustu aðstæður, lítil og léleg skip, hafnleysu og
litla framleiðslu. Bíða hvorir tveggja, viðkomandi verstöðvar og þjóðarheildin,
tjón við það.

Frv. það, sem hér er flutt, miðar að því að skapa stöðum, sem sérstaklega vel
liggja við fiskimiðum, en lítið fjárhagslegt bolmagn hafa til þess að hefjast handa
um hafnarbætur á grundvelli hafnarlaga eða laga um lendingarbætur einir, aukna
möguleika. Með því er lagt til, að stofnaður verði sérstakur hafnarbótasjóður með
allmiklu fé til þess að fullnægja þeirri þjóðfélagslegu nauðsyn, sem á því er að
bæta aðstöðu ýmissa sjávarþorpa til þess að hagnýta sér aðstöðu sína og auka þar
með útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Meginútflutningsverðmæti þjóðarinnar koma
frá sjávarútveginum. Það verður því ekki sagt, að kröfur frumvarps þessa séu
óhóflegar. Fjárhagur ríkisins á þessu ári bendir ekki heldur til þess, að umrætt
fjárframlag til eflingar þeim atvinnuvegi, sem mestan arð gefur í þjóðarþúíð, sé
ríkissjóði ofviða. Ætlað er til samkvæmt frv., að Alþingi setji síðar nánari ákvæði
um styrkveitingar úr sjóðnum. Megintilgangur flm. með frv. er sá að fá fé tekið
frá til þeirra nauðsynlegru framkvæmda, er þar ræðir um, og jafnframt viðurkenn-
ingu Alþingis á réttmæti aukinnar aðstoðar við útgerðir í landinu með þeim
hætti, sem lagt er til í frumvarpinu.